

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (EB) nr. 1020/2009

2011/EES/40/13

frá 28. október 2009

um breytingu á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 2003/2003 um áburð í því skyni að laga I., III., IV. og V. viðauka við hana að tækniframförum (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA
HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 2003/2003 frá 13. október 2003 um áburð ⁽¹⁾, einkum 1. og 3. mgr. 31. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í 3. gr. reglugerðar (EB) nr. 2003/2003 er kveðið á um að heimilt sé að gefa áburði, sem tilheyrir tegund áburðar sem skráð er í I. viðauka við þá reglugerð og uppfyllir skilyrði sem mælt er fyrir um í þeirri reglugerð, heitið „EB-áburður“.
- 2) Hráfosfat, sem er uppleyst að hluta, er tegund áburðar, sem inniheldur aðalnæringarefni, sem er skráð í I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 2003/2003. Samkvæmt 16. gr. þeirrar reglugerðar er heimilt að bæta aukanæringarefnum við allar tegundir áburðar sem innihalda aðalnæringarefni. Lágmarksinnihald fosfórpentoxíðs, sem er fastsett fyrir þá tegund sem til er af áburði með hráfosfati, sem er uppleyst að hluta, er þó of mikið til að heimila viðbót aukanæringarefna. Því skal taka í notkun nýja tegund áburðar til að setja megi á markað blöndur af hráfosfati, sem er uppleyst að hluta, og aukanæringarefninu magnesíumi sem „EB-áburður“.
- 3) Magnesíumsúlfati eða magnesíumoxíði er bætt út í malað hráfosfat til að ráða bót á fosfat- og magnesíumskorti í tilteknum nytjajarðvegi. Upplýsing að hluta veldur hraðri upptöku nytjajurta á fosfati og magnesíumi í stuttan tíma en innihaldsefni sem ekki eru uppleyst veita hægari en varanlegri upptöku á fosfati og magnesíumi. Til hagræðis fyrir bændur skulu bæði næringarefni fosfat og magnesíum vera fáanleg í einni tegund af áburði.
- 4) Magnesíumsúlfat er áburðartegund, sem inniheldur aukanæringarefni, sem skráð er í I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 2003/2003. Samkvæmt 20. gr. þeirrar reglugerðar er heimilt að bæta snefilefnum við allar tegundir áburðar

sem innihalda aukanæringarefni. Lágmarksinnihald brennisteinstríoxíðs og magnesíumoxíðs, sem er fastsett fyrir þá tegund sem til er af áburði með magnesíumsúlfati, er þó of mikið til að heimila viðbót snefilefna. Vegna vaxandi áhuga á alhliða plöntunæringu í réttum hlutföllum hefur notkun snefilefna aukist. Blanda af magnesíumsúlfati með snefilefnum myndi auðvelda bændum að nota slík snefilefni. Áburðartegundinni magnesíumsúlfati skal því breytt til að heimila að blöndur af magnesíumsúlfati með snefilefnum séu settar á markað sem „EB-áburður“.

- 5) Í III. viðauka við reglugerð (EB) nr. 2003/2003 eru tæknileg ákvæði um eftirlit með eingildum, köfnunarefnisríkum ammóníumnítratáburði. Það skal tekið fram að greiningaraðferðirnar má nota fyrir mismunandi form ammóníumnítratsáburðar (perlur eða korn). Í þessum lýsingum á greiningaraðferðum eru enn fremur notaðar úreltar mælieiningar fyrir þrýsting en ekki SI-einingarnar sem nú eru notaðar.
- 6) Í 2. mgr. 29. gr. reglugerðar (EB) nr. 2003/2003 er gerð sú krafa að eftirlit með EB-áburði, sem tilheyrir áburðartegundunum sem skráðar eru í I. viðauka við þá reglugerð, skuli framkvæmt í samræmi við greiningaraðferðirnar sem lýst er nákvæmlega í III. og IV. viðauka við þá reglugerð. Þar eð þessar aðferðir eru ekki alþjóðlega viðurkenndar var Staðlasamtökum Evrópu (CEN) falið að þróa hliðstæða EN-staðla sem koma eiga í stað gildandi aðferða.
- 7) Umboð Staðlasamtaka Evrópu M/335, að því er varðar að færa greiningaraðferðir fyrir áburð og kölkunarefni til nútímahorfs, hefur að hluta til leitt til þróunar 20 EN-staðla og skal taka þá upp í IV. viðauka við reglugerð (EB) nr. 2003/2003. Sumir þessara staðla skulu koma í stað greiningaraðferða sem nú eru fyrir hendi en aðrir eru nýir.
- 8) Fullgiltar aðferðir, sem gefnar hafa verið út sem EN-staðlar, fela yfirleitt í sér hringprófun (fjölsetra prófun) til að hafa eftirlit með samanburðarnákvæmni greiningaraðferðanna milli mismunandi rannsóknarstofa. Hins vegar sýndi bráðabirgðamat á aðferðunum, sem á að innleiða með umboðinu, að sumar þeirra eru lítið notaðar. Í þessu tilviki taldist ritstjórnarleg endurskoðun nægja og hringprófun var ekki talin nauðsynleg. Því skal gera greinarmun á fullgiltum EN-stöðlum og aðferðum, sem ekki eru fullgiltar, til að auðvelda sanngreiningu á þeim EN-stöðlum sem teknir hafa verið til fjölsetra prófunar til að hægt sé að tilkynna ábyrgðaraðilum á réttan hátt um tölfræðilegan áreiðanleika EN-staðlanna.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 282, 29.10.2009, bls. 7. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 51/2011 frá 20. maí 2011 um breytingu á II viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, (biður birtingar).

(¹) Stjtið. ESB L 304, 21.11.2003, bls. 1.

- 9) Til að einfalda löggjöf og greiða fyrir endurskoðun í framtíðinni þykir rétt að í stað texta staðlanna í IV. viðauka við reglugerð (EB) nr. 2003/2003 í heild sinni komi tilvísanir í EN-staðlana sem Staðlasamtök Evrópu gefa út.
- 10) Í 30 gr. reglugerðar (EB) nr. 2003/2003 er gerð sú krafa að rannsóknarstofur séu til þess bærar og samþykktar af aðildarríki þegar þar eru framkvæmdar greiningar á áburðarsýnum vegna opinbers eftirlits. Samþykktar rannsóknarstofur af þessu tagi verða að uppfylla faggildingarstaðlana sem um getur í B-hluta V. viðauka. Þar eð faggilding hefur í raun tekið lengri tíma en upphaflega var gert ráð fyrir skal breyta V. viðauka til að tryggja skilvirkar eftirlitsaðgerðir með því að heimila aðildarríkjum að viðurkenna rannsóknarstofur sem eru til þess bærar að annast opinbert eftirlit en ekki er búið að faggilda.
- 11) Því ber að breyta reglugerð (EB) nr. 2003/2003 til samræmis við það.
- 12) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit nefndarinnar sem komið var á fót með 32. gr. reglugerðar (EB) nr. 2003/2003.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Reglugerð (EB) nr. 2003/2003 er breytt sem hér segir:

1. Ákvæðum I. viðauka er breytt í samræmi við I. viðauka við þessa reglugerð.
2. Ákvæðum III. viðauka er breytt í samræmi við II. viðauka við þessa reglugerð.
3. Ákvæðum IV. viðauka er breytt í samræmi við III. viðauka við þessa reglugerð.
4. Ákvæðum V. viðauka er breytt í samræmi við IV. viðauka við þessa reglugerð.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 28. október 2009.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Günter VERHEUGEN

varaforseti

I. VIÐAUKI

Ákvæðum I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 2003/2003 er breytt sem hér segir:

1. Í töflu A.2 bætist við eftirfarandi liður 3a:

Nr.	Tegundarheiti	Upplýsingar um framleiðsluáferð og undirstöðuefni	Lágmarksinnihald næringarefna (hundraðshluti, miðað við þyngd) Upplýsingar um hvernig næringarefni skuli gefin upp, aðrar kröfur	Aðrar upplýsingar sem tengjast tegundarheiti	Næringarefnainnihald sem skylt er að gefa upp Form og leysni næringarefna Aðrar viðmiðanir
1	2	3	4	5	6
3a	Hráfosfat, uppleyst að hluta, með magnesíumi	Vara sem er framleidd með því að leysa að hluta upp malað hráfosfat með brennisteinsýru eða fosfórsýru, með viðbættu magnesíumsúlfati eða magnesíumoxíði, og inniheldur einkalsíumfosfat, þrikalsíumfosfat, kalsíumsúlfat og magnesíumsúlfat sem undirstöðuefni.	16% P ₂ O ₅ 6% MgO Fosfór, gefinn upp sem P ₂ O ₅ , leysanlegur í ólífrænum sýrum, þar sem a.m.k. 40% af uppgefnu innihaldi P ₂ O ₅ skal vera vatnsleysanlegt Kornastærð: – a.m.k. 90% fara í gegnum sigti með 0,160 mm möskvum – a.m.k. 98% fara í gegnum sigti með 0,630 mm möskvum		Heildarfosfórpentoxíð (leysanlegt í ólífrænum sýrum) Vatnsleysanlegt fosfórpentoxíð Heildarmagnesíumoxíð Vatnsleysanlegt magnesíumoxíð ⁴

2. Í stað færslu 5 í töflu D komi eftirfarandi:

Nr.	Tegundarheiti	Upplýsingar um framleiðsluáferð og undirstöðuefni	Lágmarksinnihald næringarefna (hundraðshluti, miðað við þyngd) Upplýsingar um hvernig næringarefni skuli gefin upp, aðrar kröfur	Aðrar upplýsingar sem tengjast tegundarheiti	Næringarefnainnihald sem skylt er að gefa upp Form og leysni næringarefna Aðrar viðmiðanir
1	2	3	4	5	6
5	Magnesíumsúlfat	Vara sem inniheldur sjövatnað magnesíumsúlfat sem helsta innihaldsefni	15% MgO 28% SO ₃ Þegar sneflefnum er bætt við og þau gefin upp í samræmi við 4. og 6. mgr. 6. gr.: 10% MgO 17% SO ₃ Magnesíum og brennisteinn, gefin upp sem vatnsleysanlegt magnesíumoxíð og brennisteinsþríoxíð	Hemilt er að bæta við viðteknum vöruheitum	Vatnsleysanlegt magnesíumoxíð Vatnsleysanlegt brennisteinsþríoxíð ⁴

II. VIÐAUKI

Ákvæðum 3. liðar III. viðauka við reglugerð (EB) nr. 2003/2003 er breytt sem hér segir:

1. Í stað liðar 6.2 í aðferð 2 komi eftirfarandi:

„6.2. Allar agnir, sem eru undir 0,5 mm að stærð, eru teknar frá með því að nota prófunarsigtíð (5.4). Um 50 g af sýninu eru vegin með 0,01 g nákvæmni og látin í bikarglas (5.2). Svo mikil gasolía (4. liður) er látin í bikarglasið svo að hún fljóti yfir perlurnar eða kornin og hrært varlega saman þannig að allt yfirborð perlanna eða kornanna blotni vel. Úrgler er sett ofan á glasið og það látið standa óhreyft í eina klukkustund við 25 (± 2) °C.“

2. Í stað liðar 4.3.5 í aðferð 3 komi eftirfarandi:

„4.3.5. Drechsels-flaska D, notuð sem gildra til að safna umframsýru sem kann að eimast yfir.“

3. Í stað fyrstu málsgreinar í lið 5.2 í aðferð 3 komi eftirfarandi:

„Sýnið er látið í hvarfaflösku B. Við það er bætt 100 ml af H₂SO₄ (3.2). Perlurnar eða kornin leysast upp á u.þ.b. 10 mínútum við stofuhita. Búnaðurinn er settur saman eins og sýnt er á skýringarmyndinni: annar endi ísogsrörsins (A) er tengdur við köfnunarefnisgjafa (4.2) um gaslás með þrýstingi, sem svarar til 667–800 Pa, og hinn endinn við aðrennslisrörið yfir í hvarfaflöskuna. Vigreux-þáttaeimingarsúlunni (C') og eimsvalanum (C) með kælivatni er komið fyrir á sínum stað. Hæfilegt magn köfnunarefnis er látið streyma í gegnum lausnina, sem er hituð að suðumarki og haldið við það í tvær mínútur. Að þeim tíma liðnum ætti lausnin að vera hætt að freyða. Myndist enn loftbólur er hitað áfram í þrjátíu mínútur. Lausnin er síðan látin kólna í a.m.k. 20 mínútur og köfnunarefni látið streyma í gegnum hana.“

III. VIÐAUKI

Ákvæðum B-hluta IV. viðauka við reglugerð (EB) nr. 2003/2003 er breytt sem hér segir:

1. Í stað aðferðar 1 komi eftirfarandi:

„Aðferð 1

Undirbúningur sýnis fyrir greiningu

EN 1482-2: Áburður og kölkunarefni — Sýnataka og undirbúningur sýnis — 2. hluti: Undirbúningur sýnis“

2. Í stað aðferða 2 komi eftirfarandi:

a) Í stað aðferðar 2.1 komi eftirfarandi:

„Aðferð 2.1

Ákvörðun á ammoníaksbundnu köfnunarefni

EN 15475: Áburður — Ákvörðun á ammoníaksbundnu köfnunarefni

Þessi greiningaraðferð hefur verið hringprófuð.“

b) Í stað aðferðar 2.2.1 komi eftirfarandi:

„Aðferð 2.2.1

Ákvörðun á níturat- og ammoníaksbundnu köfnunarefni með aðferð Ulsch

EN 15558: Áburður — Ákvörðun á níturat- og ammoníaksbundnu köfnunarefni með aðferð Ulsch

Þessi greiningaraðferð hefur ekki verið hringprófuð.“

c) Í stað aðferðar 2.2.2 komi eftirfarandi:

„Aðferð 2.2.2

Ákvörðun á níturat- og ammoníaksbundnu köfnunarefni með aðferð Arnds

EN 15559: Áburður — Ákvörðun á níturat- og ammoníaksbundnu köfnunarefni með aðferð Arnds

Þessi greiningaraðferð hefur ekki verið hringprófuð.“

d) Í stað aðferðar 2.2.3 komi eftirfarandi:

„Aðferð 2.2.3

Ákvörðun á níturat- og ammoníaksbundnu köfnunarefni með aðferð Devardas

EN 15476: Áburður — Ákvörðun á níturat- og ammoníaksbundnu köfnunarefni með aðferð Devardas

Þessi greiningaraðferð hefur verið hringprófuð.“

e) Í stað aðferðar 2.3.1 komi eftirfarandi:

„Aðferð 2.3.1

Ákvörðun á heildarköfnunarefni í níturatlausu kalsíumsýanamíði (tröllumjöldi)

EN 15560: Áburður — Ákvörðun á heildarköfnunarefni í níturatlausu kalsíumsýanamíði (tröllumjöldi)

Þessi greiningaraðferð hefur ekki verið hringprófuð.“

f) Í stað aðferðar 2.3.2 komi eftirfarandi:

„Aðferð 2.3.2

Ákvörðun á heildarköfnunarefni í kalsíumsýanamíði (tröllumjöldi) sem inniheldur nitröt

EN 15561: Áburður — Ákvörðun á heildarköfnunarefni í kalsíumsýanamíði (tröllumjöldi) sem inniheldur nitröt

Þessi greiningaraðferð hefur ekki verið hringprófuð.“

g) Í stað aðferðar 2.3.3 komi eftirfarandi:

„Aðferð 2.3.3

Ákvörðun á heildarköfnunarefni í þvagefni

EN 15478: Áburður — Ákvörðun á heildarköfnunarefni í þvagefni

Þessi greiningaraðferð hefur verið hringprófuð.“

h) Í stað aðferðar 2.4.komi eftirfarandi:

„Aðferð 2.4

Ákvörðun á sýanamíðbundnu köfnunarefni

EN 15562: Áburður — Ákvörðun á sýanamíðbundnu köfnunarefni

Þessi greiningaraðferð hefur ekki verið hringprófuð.“

i) Í stað aðferðar 2.5.komi eftirfarandi:

„Aðferð 2.5

Ákvörðun á bíureti í þvagefni með litrófsmælingu

EN 15479: Áburður — Ákvörðun á bíureti í þvagefni með litrófsmælingu

Þessi greiningaraðferð hefur verið hringprófuð.“

j) Í stað aðferðar 2.6.1 komi eftirfarandi:

„Aðferð 2.6.1

Ákvörðun á mismunandi formum köfnunarefnis í sama sýni áburðar sem inniheldur köfnunarefni í formi nitrats, ammoníaks, þvagefnis og sýanamíðs

EN 15604: Áburður — Ákvörðun á mismunandi formum köfnunarefnis í sama sýni áburðar sem inniheldur köfnunarefni í formi nitrats, ammoníaks, þvagefnis og sýanamíðs

Þessi greiningaraðferð hefur ekki verið hringprófuð.“

3. Í stað aðferðar 4.1 komi eftirfarandi:

„Aðferð 4.1

Ákvörðun á innihaldi vatnsleysanlegs kalíums

EN 15477: Áburður — Ákvörðun á innihaldi vatnsleysanlegs kalíums

Þessi greiningaraðferð hefur verið hringprófuð.“

4. Eftirfarandi aðferðir bætist við:

„Aðferð 11

Klóbíndlar

Aðferð 11.1

Ákvörðun á innihaldi klóbundinna snefilefna og klóbundinna hluta snefilefna

EN 13366: Áburður — Meðhöndlun með plúsíónaskiptaresini til að ákvarða innihald klóbundinna snefilefna og klóbundinna hluta snefilefna

Þessi greiningaraðferð hefur verið hringprófuð.

Aðferð 11.2

Ákvörðun á EDTA, HEDTA og DTPA

EN 13368-1: Áburður — Ákvörðun á klóbíndlum í áburði með jónagreiningu — 1. hluti: EDTA, HEDTA og DTPA

Þessi greiningaraðferð hefur verið hringprófuð.

Aðferð 11.3

Ákvörðun á járn sem er klóbundið með o,o-EDDHA og o,o-EDDHMA

EN 13368-2: 2007 áburður — Ákvörðun á klóbíndlum í áburði með litskiljun. 2. hluti: Ákvörðun á járn, sem er klóbundið með o,o-EDDHA og o,o-EDDHMA, með jónaparlskiljun

Þessi greiningaraðferð hefur verið hringprófuð.

Aðferð 11.4

Ákvörðun á járni sem er klóbundið með EDDHSA

EN 15451: Áburður — Ákvörðun á klóbindlum — Ákvörðun á járni, sem er klóbundið með EDDHSA, með jónaparlskiljun

Þessi greiningaraðferð hefur verið hringprófuð.

Aðferð 11.5

Ákvörðun á járni sem er klóbundið með o,p EDDHA

EN 15452: Áburður — Ákvörðun á klóbindlum — Ákvörðun á járni, sem er klóbundið með o,p-EDDHA, með háþrýstivökvaskiljun með óskautuðum stöðufasa

Þessi greiningaraðferð hefur verið hringprófuð.

Aðferð 12

Nítrunar- og úreasalatar

Aðferð 12.1

Ákvörðun á dísyándíamíði

EN 15360: Áburður — Ákvörðun á dísyándíamíði – Aðferð þar sem notuð er háþrýstivökvaskiljun (HPLC)

Þessi greiningaraðferð hefur verið hringprófuð.

Aðferð 12.2

Ákvörðun á NBPT

EN 15688: Áburður — Ákvörðun á úreasalatanum N-(n-bútyl)þiófosfórtíamíði (NBPT) þar sem notuð er háþrýstivökvaskiljun

Þessi greiningaraðferð hefur verið hringprófuð.

Aðferð 13

Þungmálmar

Aðferð 13.1

Ákvörðun á kadmíuminnihaldi

EN 14888: Áburður og kólkunarefni — Ákvörðun á kadmíuminnihaldi

Þessi greiningaraðferð hefur verið hringprófuð.“

IV. VIÐAUKI

Í stað B-hluta V. viðauka við reglugerð (EB) nr. 2003/2003 komi eftirfarandi:

**„B. KRÖFUR AÐ ÞVÍ ER VARÐAR AÐ VIÐURKENNA RANNSÓKNARSTOFUR SEM ERU TIL ÞESS
BÆRAR AÐ VEITA NAUÐSYNLEGA ÞJÓNUSTU VIÐ EFTIRLIT MEÐ SAMRÆMI EB-ÁBURÐAR
VIÐ KRÖFUR ÞESSARAR REGLUGERÐAR OG VIÐAUKA VIÐ HANA**

1. Eftirfarandi staðall gildir að því er varðar rannsóknarstofur.

- Rannsóknarstofur sem eru faggiltar í samræmi við EN ISO/IEC 17025-staðalinn Almennar kröfur varðandi hæfni prófunar- og kvörðunarstofa fyrir a.m.k. eina af aðferðunum í III. eða IV. viðauka.
- Fram til 18. nóvember 2014; rannsóknarstofur sem enn hafa ekki verið faggiltar að því tilskildu að rannsóknarstofan:
 - sýni fram á að hún hafi hrundið af stað og fari eftir nauðsynlegu faggildingarferli í samræmi við EN ISO/IEC 17025-staðalinn vegna einnar eða fleiri af þeim aðferðum sem koma fram í III. eða IV. viðauka og
 - leggi fyrir lögbært yfirvald sannanir fyrir því að rannsóknarstofan taki þátt í fjölsetra prófunum með viðunandi niðurstöðum.

2. Eftirfarandi staðall gildir að því er varðar faggildingarstofnanir:

EN ISO/IEC 17011-staðallinn, Samræmismat: Almennar kröfur vegna faggildingarstofa sem faggilda samræmismatsstofur.“
